



Reglur
Fjarðabyggðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

I. kafli
Almennt um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

1. gr.
Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Í reglum þessum er fjallað um stoð- og stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Orðið stuðningur er í reglum þessum notað yfir þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.
Markmið

Stuðningurinn er til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið.

Lögð skal áhersla á að styrkja fatlaða foreldra við að halda heimili og taka þátt í samfélaginu. Leggja ber áherslu á sérhæfða ráðgjöf og félagslegan stuðning til þess að hvetja til félagslegs samneytis.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess og þroska.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun, áætlun máls eða einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð.

3. gr.
Stuðningur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan.

Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.



Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- a) *Samþætt þjónusta – fræðsla*: Markmið með samþættri þjónustu og fræðslu er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.

Við veitingu stuðnings skal sérstakega horft til samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna, þannig að samráð og samstarf á milli þjónustuaðila sé tryggt og þjónustan samfelld í þágu barns og fjölskyldu þess.

- b) *Einstaklingsstarf fyrir 0-18 ára (líðveisla)*: Markmið með einstaklingsstarfi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til aukinnar sjálfshjálpar.

- c) *Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára*: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku.

Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahusum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu getur að hámarki verið 15 sólarhringar á mánuði en þó að hámarki sjö sólarhringar þegar mál barns er til vinnslu hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu byggir á útgefnu leyfi stuðningsfjölskyldu frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um að að sinna starfi stuðningsfjölskyldu. Sótt er um leyfið á vef Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, gev.is.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

- d) *Skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára*. Markmið með skammtímadvöl er að gefa fötluðum börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringar í mánuði. Unnt er að veita stuðning inn á heimili barnsins í stað dvalar utan heimilis sé þess óskað. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahusum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

**4. gr.****Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur verði samþykkt**

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að skulu eiga lögheimili í Fjarðabyggð þegar sótt er um eða að mál viðkomandi barns/barna sé til vinnslu hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- b) Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að.
- c) Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt viðurkenndum matsviðmiðum.

Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Fjarðabyggðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur skrái lögheimili sitt í Fjarðabyggð þegar stuðningur hefst.

II. kafli**Umsóknir og mat****5. gr.****Aðgengi að stuðningi**

Óski foreldri barns eftir ráðgjöf og stuðningi skal panta viðtal við ráðgjafa á fjölskyldusviði. Sé mál til vinnslu hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning samkvæmt reglum þessum.

Leiði viðtöl í ljós að þörf sé á stuðningi samkvæmt reglum þessum skal umsækjandi undirrita umsókn þar sem hann sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda, samkvæmt viðurkenndum matsviðmiðum. Stuðningurinn skal nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa.

6. gr.**Mat á stuðningsþörf**

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og ráðgjafa og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni.

Við mat á þörf og forgangs röðun skal líta til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:



- a. Færni/geta og styrkleikar.
- b. Félagslegar aðstæður og félagslegt tengslanet.
- c. Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni.
- d. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- e. Annar veittur stuðningur.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum, samkvæmt viðurkenndum matsviðmiðum ber að synja umsókninni.

7. gr. Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um meðferð máls hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar ef um barnaverndarmál er að ræða en annars skal gera stuðningsáætlun eða einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Þar skal m.a. koma fram gildistími samþykktar, hvers konar stuðningur verði veittur, verkefni og vinnutilhögun. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn.

Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi skal 12 mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.

8. gr. Forgangsröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli viðurkenndra matsviðmiða. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun og stuðningur getur hafist.

Ef fyrirséð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

III. kafli Framkvæmd

9. gr. Tími og umfang stuðnings

Almennt er stuðningur veittur á milli kl. 07:00 og 23:00 en þó skal ávallt taka mið af þörfum barns og fjölskyldu.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir í samráði við ráðgjafa. Um umfang stuðningsþjónustu vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem fram kemur að aðstoð geti numið allt að



15 klukkustundum á viku hvað varðar veitingu stuðningsþjónustu. Um stoðþjónustu vísast til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

10. gr. Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal uppfæra stuðningsáætlun og samþykkja stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti.

IV. kafli. Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

11. gr. Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef fjölskyldusviði eða Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

12. gr. Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Leita skal eftir afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.



13. gr.
Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

14. gr.
Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

15. gr.
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Fjarðabyggðar sem aðgengileg er á vefsíðu Fjarðabyggðar.

16. gr.
Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

17. gr.
Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar.

**18. gr.****Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Umsækjanda skal gefinn kostur á endurupptöku málsins.

19. gr.**Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur kært ákvörðun meðferðarfundar fjölskyldusviðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun meðferðarfundar fjölskyldusviðs.

20. gr.**Gildistaka**

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og öðlast gildi 4. september 2025. Eldri reglur sama eðlis falla þá jafnframt úr gildi.

22. september 2025

Jóna Arný Þórðardóttir

bæjarstjóri